



Fundargerð

456. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 10. desember 2020 kl. 15:00. Þetta er 18. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=V9iq3zwnsZg>

Arndís Harðardóttir Z-lista boðar forföll í hennar stað er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá að við málefnskra bætist;

I. Fundargerðir til samþykktar

4. 173. fundargerð fræðslunefndar dags. 9.12.2020

II. Málefni til umfjöllunar

9. Hraðhleðsla frá ON á Kirkjubæjarklaustri dags. 8.12.2020

10. Samþykktir um stjórn og fundarsköp – síðari umræða

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

30. nóvember fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

1. desember stjórnsluskoðun KPMG

2. desember kynning á vegum SASS á vinnu stafræns ráðs sveitarfélaganna og hugmyndum um framhald þess verkefnis

3. desember vinnufundur sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2021-2024

7. desember forstöðumannafundur vegna styttingu vinnuvikunnar

9. desember stjórnarfundur Bergrisans bs.

Vegagerðin vinnur þessa dagana að því að led ljósavæða götulampa á Klausturveginum. Einnig verða sett upp lægri götuljós við gangbrautirnar á Klausturveginum. Ekki er enn komin niðurstaða í hvernig málum verður háttað varðandi verslun á svæðinu eftir áramótin en viðræður við Kjarval um að halda áfram tímabundinni starfsemi bar ekki árangur og því ljóst að verslunin lokar 1. janúar nk. eins og áður var tilkynnt. Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð frá og með 23. desember til og með 1. janúar nk. Opnum aftur mánudaginn 4. janúar 2021 kl. 10. Framundan er fundur í svæðisráði Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, stjórnarfundur Bergrisans bs. og fundur með ferðamála, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra vegna fjármögnunar flýti-verkefnis í Skaftárhreppi við þrífösun.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 161. fundar skipulagsnefndar dags. 8.12.2020

1. 1901004 – Læknisreitur DSK – breyta einbýlishúsalóðum í tvíbýli/fjórbylí

Formaður skipulagsnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúi leggja fram 2 tillögur:



Tillaga A: Skriðuvöllum 21 og 23 verði breytt úr 2ja hæða einbýli í fjórbýli

Tillaga B: Skriðuvöllum 15 verði breytt úr 2ja hæða einbýli í tvíbýli og Skriðuvöllum 17 og 19 verði breytt úr 2ja hæða einbýli í fjórbýli.

„Skipulagsnefnd felur atvinnumálafulltrúa að kanna þörf eftir íbúðum í sveitarfélaginu í samvinnu við skipulags- og byggingarfulltrúa áður en lengra er haldið.“

Sveitarstjórn tekur undir með skipulagsnefnd að kanna þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Hafa ber samt í huga að núverandi staða endurspeglar ekki endilega húsnæðisþörf í venjulegu árferði.

2. 2011009 – Ný brú yfir Hverfisfljót – Skipulagsstofnun óskar umsagnar.

Í samræmi við 6.gr. laga nr 106/2000 og 12.gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum óskar Skipulagsstofnun eftir að Skaftárhreppur gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2.viðauka í framangreindum lögum.

Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Skipulagsnefnd gefur eftirfarandi umsögn:

„Með vísan í bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. nóvember 2020 er óskað eftir umsögn Skaftárhrepps um hvort og á hvaða forsendum framkvæmd við nýja brú á Hverfisfljóti skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fyrirhuguð er framkvæmd við nýja 74 m langa brú á Hringvegi 1 um Hverfisfljót í Skaftárhreppi. Í tengslum við byggingu nýrrar brúar þarf að endurbyggja Hringveginn á 2,2 km löngum kafla. Framkvæmdin er ekki matsskyld en kanna þarf matsskyldu hennar skv. 6. gr. laga nr. 106/2000, I. viðauka Lið 10.09.

Samkvæmt tilkynningargögnum er markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar að fækka einbreiðum brúm á Hringvegi. Markmiðið er að auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum. Með nýjum vegi, nýrri tvíbreiðri brú á Hverfisfljóti og með nýjum og stærri áningarstað mun umferðaröryggi aukast til mikilla muna og umferð um svæðið verða greiðari en nú er.

Skaftárhreppur tekur vel í að einbreiðum brúm verði fækkað innan sveitarfélagsins og er eitt af undirmarkmiðum í endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps að stuðla að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Framkvæmdin fer um Skaftáreldahraun en í aðalskipulagi hreppsins er ekki þessi hluti Skaftáreldahrauns verndaður sérstaklega þó að hraunið falli undir 61. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013. Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hefur hrauninu þegar verið raskað að hluta með manvirkjagerð m.a. með vegagerð. Sveitarfélagið telur nægilega vel grein gerð fyrir framkvæmdinni í tilkynningargögnum.

Sveitarfélagið bendir á að ekki öll efnistökusvæðin sem vísað er til í tilkynningargögnum eru skilgreind í aðalskipulagi Skaftárhrepps en sveitarfélagið er tilbúið að skoða breytingar á aðalskipulaginu í samráði við Vegagerðina.

Sveitarfélagið bendir sérstaklega á að við hönnun brúarmannvirkis verði tekið tillit til hjólandi og gangandi vegfarenda.,,

Sveitarstjórn staðfestir umsögn nefndarinnar.



JBJ vikur af fundi vegna vanhæfis í næsta lið

3. 2012001 - Göngubrýr í Vatnajökulspjóðgarði

Erindi frá Jónu Björk Jónsdóttur fh. Vatnajökulspjóðgarðs kt. 441007-0940 að göngubrýr/kláfar yfir Skaftá verði færðar inn á aðalskipulag Skaftárhrepps.

Önnur við Sveinstind og hin á Skælingum milli Hólaskjól og Stóragils.

Jafnframt litla göngubrú framan við Eldgjá, yfir Nyrðri-Ófæru.

„Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að vísa erindinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

JBJ kemur til fundarins að nýju

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.

4. 2012002 – Ljótastaðir – Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir kt. 260478-4279 sækir um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á lögbýli sínu að Ljótastöðum á grundvelli meðfylgjandi gagna.

„Skipulagsnefnd tekur vel í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að leita umsagnar nærliggjandi jarðaeigenda/ábúenda. Skipulagsnefnd hvetur framkvæmdaðila til að nota íslenskar trjátegundir til skógræktar vegna áhrifa á vistkerfi svæðisins og verndunar lífræðilegrar fjölbreytni.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir kemur aftur til fundarins.

5. 1908016 - Flaga 2 – Athugasemd Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu dsk.

Lögð fram athugasemd Skipulagsstofnunar vegna afgreiðslu á dsk fyrir Flögu 2, L176602.

Málið varðar athugasemd sem barst á auglýsingatíma dsk tillögunnar, sjá meðf. gögn.

Skipulagsnefnd bókaði eftirfarandi á 160.fundi sínum þann 10.nóv. síðast liðnum:

„Skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum frá umsækjanda deiliskipulags. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fylgja málinu eftir.“

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram ýtarlegri gögn í málinu eftir samtal og póstsamskipti við ábúendur/eigendur að Flögu 1, 2 og 3.

Eftirfarandi er bókað:

„Til að uppfylla ákvæði gr. 5.7.1 í skipulagsreglugerð þá hefur skipulags- og byggingarfulltrúi yfirfarið athugasemd ábúanda/eiganda Flögu 1 sem snýr að vatnsforða og vatnsnotkun. Lindir þær sem nýttar eru af Flögu 1, 2 og 3 gefa 0,35-0,5 ltr/sek en heildarnotkun er á bilinu 0,15-0,20 ltr/sek miðað við núverandi bústofn/gistipjónustu að



Flögu 1, núverandi bústofn að Flögu 3 og fulla nýtingu skv. dsk hjá ferðapjónustunni að Flögu 2. Hvernig eignarhaldi vatnslinda er háttáð tekur skipulagsnefnd ekki afstöðu til. Skipulagsnefnd vill því koma því á framfæri við ábúanda/eiganda Flögu 1 að nægt er af vatni í umræddum lindum og hallar ekki á nokkurn hátt á hans hlut varðandi hlutdeild hans að vatnsnotkun.,,

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.
Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. Fundargerð 100. fundar menningarmálanefndar dags 1.12.2020
3. Menningarmálanefnd Skaftárhrepps óskar eftir styrk frá sveitarstjórn Skaftárhrepps, 500 þúskr. til að undirbúa og vinna að því að gera hátíðina Gos í tónum og mynd 2021. Minnt er á að Uppskeruhátíðin 2020 kostaði ekkert og því er þar fé sem ætlað var til menningarmála en nýttist ekki á þessu ári.

Sveitarstjórn þakkar menningarmálanefnd fyrir framtakið og vísar beiðninni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2021-2024.

5. Samþykkt var fyrir fáum árum að sveitarstjórn legði til ákveðna upphæð til viðhalds Múlakotsskóla sem mótframlag við styrki Minjastofnunar. Minjastofnun hefur veitt styrki síðustu ár. Árið 2020 komu svo fyrst 2 milljónir og svo kom 1 milljóna framlag sem var bætt við sem hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bregðast við Covid. Árið 2020 var gert við suðurhlið skólans; skipt um járn og skipt um glugga en búið var að smíða þá glugga. Fyrir þennan styrk á líka að smíða útihurðir og glugga. Búið er að sækja um áframhaldandi styrk til Minjaverndar upp á 2,5 milljónir og þá gert ráð fyrir einni milljón kr mótframlagi frá sveitarstjórn Skaftárhrepps. Þessa peninga á að nota til að smíða nýjan dýraumbúnað, setja nýju hugðirnar í, setja nýja glugga og skipta um klæðninguna á þeim hliðum sem eftir eru. Síðan á að mála þakið og svo allt húsið ef peningurinn endist til þess.
Menningarmálanefnd sækir um að sveitarstjórn Skaftárhrepps leggi til mótframlagið 1.000.000 kr. árið 2021.

Sveitarstjórn þakkar menningarmálanefnd fyrir framtakið og vísar beiðninni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2021-2024.

7. Gert var ráð fyrir 300.000 kr fyrir árið 2020 til að halda tónleika og aðra listviðburði á árinu 2020. Ekkert hefur orðið af þessum tónleikum né öðrum uppákomum. Við óskum eftir að þessi sama upphæð 300.000 verði ætluð til listviðburða á árinu 2021.

Sveitarstjórn vísar beiðninni til seinni umræðu fjárhagsáætlunar 2021-2024.
Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. Fundargerð 130. fundar Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla dags. 7.12.2020

2. Drög að rekstraráætlun 2021 kynnt til samþykktar

Sveitarstjóri fer yfir drög að rekstraráætlun. Rekstrarnefnd samþykkir áætlunina með lítilsháttar breytingum og vísar henni áfram til sveitarstjórnar til samþykktar. Rekstrarnefnd mun skoða í upphafi næsta árs hvort rekstrarforsendur hafi breyst og endurskoða viðhaldsáætlun í framhaldi af því.



Fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilis Klausturhóla gerir ráð fyrir 4 millj.kr rekstrarhalla 2021. Rekstrartekjur verða 217,6 millj. kr og rekstrargjöld 223,1 millj.kr. Fjármunatekjur eru áætlaðar 1,5 millj.kr. Til eigna teljast veltuffjármunir sem skiptast í aðrar skammtímakröfur 1,3 millj. og handbært fé 53,3 millj.kr. Eigið fé er áætlað 21,9 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 32,8 millj.kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun Klausturhóla 2021.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 173. fundargerð fræðslunefndar dags. 9.12.2020
Heilsuleikskólinn Kæribær

2. Starfsmannamál.

Veturinn búinn að vera erfiður og ekki hjálpar aðstöðuleysið. Mikið um veikindi meðal starfsmanna sjaldan fullmannaður dagur afleysingar mikið notaðar. Kemur inn 1 auka stöðugildi vegna styttingu vinnuvikunnar 2021.

Fræðslunefnd vill beina því til sveitarstjórnar að kanna með ráðningu trúnaðarlæknis fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skoða málið.

3. Opnunartími leikskólans kringum jól og áramót.

Fræðslunefnd samþykkir tillögu leikskólastjóra um að hafa lokað á Þorláksmessu og dagana milli jóla og nýárs.

EBH, BG, HGÁ og JBJ samþykkja tillöguna. KG situr hjá.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2009017 Fjármögnun sameiginlegra stafrænna verkefna. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 18.11.2020

Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir stefnumörkun um stafræna framþróun sveitarfélaga í samstarfi við landshlutasamtök. Verkefni sveitarfélaganna í stafrænni þróun eru þau sömu allsstaðar á landinu og því mikilvægt að vinnan verði samstarfsverkefni sem Sambandið leiðir. Fyrir fundinum liggur kostnaðarskipting vegna áframhaldandi samstarfs til að fjármagna starfsemi stafræns ráðs og verkefnisstjóra hjá Sambandinu. Kostnaður Skaftárhrepps er áætlaður 273.000,- vegna ársins 2021. Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar verkefninu og samþykkir að gera ráð fyrir fjármagninu í áætlun ársins 2021.

2. 1910023 Snjómokstur tengivegs 204 – Meðalland – opnun tilboða dags. 4.12.2020

Verðkönnun vegna snjómoksturs í Meðallandi var send út aftur þar sem tilboði sem barst í mokstur var hafnað þann 29. október sl. Verðkönnunin var send út á 6 aðila og var skilafrestur tilboða 4. desember sl. Tvö tilboð bárust frá eftirfarandi aðilum;

Ármann Daði Gíslason – 59.500,-

Viðar Björgvinsson – 59.000,-



Þar sem tilboðin eru langt yfir kostnaðaráætlun samþykkir sveitarstjórn samhljóða að hafna tilboðunum. Sveitarstjóra falið í samvinnu við Vegagerðina að leita annarra leiða til að þjónusta snjómokstur í Meðallandi.

3. 2012003 Reykjavíkurborg – beiðni um samning um greiðslu gistináttagjalds dags. 9.10.2020
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir samtali við Reykjavíkurborg og Félagshjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
4. 2012004 Stígamót – beiðni um fjárstuðning dags. 9.11.2020
Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið en hefur ekki tók á að styðja við starfsemina að þessu sinni.
5. 2002009 Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps
Samkvæmt reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga ber sveitarfélögum skylda til að leggja fram húsnæðisáætlanir til fjögurra ára í senn sem uppfærðar skulu árlega fyrir 1. mars ár hvert með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar á milli ára. Fyrir fundinum liggur tillaga að húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2020-2024. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tillögu að húsnæðisáætlun og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að skila henni inn til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir sína hönd.
6. 2011001 Fjárhagsáætlun 2021-2024 – seinni umræða
Sveitarstjóri fer yfir greinargerð með fjárhagsáætlun Skaftárhrepps sem verður birt á www.klaustur.is ásamt samþyktri fjárhagsáætlun 2021-2024.

Fjárhagsáætlun 2021 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 737.279 þús.kr. Þar af skatttekjur 416.982 þús.kr., framlög jöfnunarsjóðs 151.729 þús.kr. og aðrar tekjur 168.568 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 403.784 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 314.709 þús.kr. og afskriftir 23.452 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætlað 5.366 þús.kr í tapi. Fjármagnsliðir verði 6.769 þús.kr. og rekstrarhalli verði 12.135 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 906.492 þús.kr. og þar af handbært fé 45.367 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 367.434 þús.kr. og eigið fé verður 539.059 þús.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað 17.732 þús.kr. og afborganir langtímalána verður 10.437 þús.kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verður 122.200 þús.kr. Nýtt langtímalán tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 135 millj.kr vegna fjárfestinga ársins og stærri viðhaldsverkefna.

Áætlun 2022-2024 er uppreiknuð samkvæmt þjóðhagsspá.

Áætlun 2022 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarhalla 20.231 þús.kr.

Áætlun 2023 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarhalla 30.810 þús.kr.

Áætlun 2024 gerir ráð fyrir 2,5% verðbótum og rekstrarhalla 47.836 þús.kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun 2021-2024.

7. 1910014 Tillaga verkefnahóps, Sveitarfélagsins Suðurlands varðandi könnun á möguleikum á sameiningu sveitarfélaganna: Skaftárhrepps, Ásahrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, dags. 20.11.2020
Fyrir fundinum liggur minnisblað verkefnishópsins með eftirfarandi niðurstöðu og tillögu;



„Að lokinni skoðun á áhrifum mögulegrar sameiningar á starfsemi sveitarfélaga á svæðinu hefur verkefnishópurinn komist að þeirri niðurstöðu að ástæða sé til að ætla að fleiri kostir séu við sameiningu sveitarfélaganna en ókostir fyrir íbúana. Niðurstöður umræðna á íbúafundum og viðhorfskönnunar gefa vísbendingar um að vilji íbúanna sé að málið verði skoðað betur og þeim gefinn kostur á að kjósa um sameiningu.

Verkefnishópurinn leggur því til við hlutaðeigandi sveitarstjórnir að þær samþykki að hefja könnun á möguleikum á sameiningu sveitarfélaganna skv. 119. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með fyrirvara um samþykki allra þeirra sveitarstjórna sem aðild eiga að „Sveitarfélaginu Suðurlandi“.

Verkefnishópurinn leggur einnig til við sveitarstjórnirnar að þær lýsi því yfir, áður en til sameiningarkosninga kemur, að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju.“

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar öllum þeim fulltrúum sveitarfélagsins sem komu að vinnu vegna könnunar á möguleikum á sameiningu ofangreindra sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu verkefnishópsins að skipað verði í sameiningarnefnd í samræmi við 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með fyrirvara um samþykki allra þeirra sveitarstjórna sem aðild eiga að „Sveitarfélaginu Suðurlandi“.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir því jafnframt yfir að ekki verði nýtt heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í sameiningarnefnd af hálfu Skaftárhrepps verði þeir sömu og störfuðu fyrir hönd sveitarfélagsins í verkefnahópnum; Eva Björk Harðardóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Arndís Harðardóttir. Til vara verða Bjarki Guðnason og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

8. 2001008 Erindi vegna fyrirhugaðs Hálendisþjóðgarðs, SAF dags. 4.12.2020

Vegna reynslu okkar af Vatnajökulshjóðgarði síðastliðin 12 ár í sveitarfélaginu fögnum við vinnu við frumvarp um hálendisþjóðgarð. Ávinningur þjóðgarðs og friðaðra svæða hefur sannað gildi sitt fyrir Skaftárhrepp í formi aukins hagvaxtar fyrir fyrirtæki og íbúa, stýringar og innviðauppbýggingar á tímum sem sveitarfélagið hefur haft fullt í fangi með sín lögboðnu verkefni. Með góðu samtali og samvinnu teljum við að þessi tvö stjórnsýslustig geti staðið mynduglega að friðun og uppbyggingu á dýrmætustu perlum okkar Íslendinga til framtíðar. Því erum við undirrituð meðfylgjandi frumvarpi um hálendisþjóðgarð og þau tækifæri sem felast í slíkri samvinnu.

Eva Björk Harðardóttir, Jóna Björk Jónsdóttir og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir.

Bjarki Guðnason óskar bókunar;

Tel ekki forsvaranlegt að leggja fram þetta frumvarp um stofnun miðhálendisþjóðgarðs. Þar sem ég tel að víðtæk sátt þurfi að vera samfélaginu um að taka svo stóran hluta landsins undir þjóðgarð.

Katrín Gunnarsdóttir tekur undir bókun Bjarka.



9. Hraðhleðsla frá ON á Kirkjubæjarklaustri dags. 8.12.2020
Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til skipulagsnefndar til umfjöllunar.
10. Samþykktir um stjórn og fundarsköp – síðari umræða
Samþykktirnar fóru til yfirlstrar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem gera engar efnislegar athugasemdir við innihald þeirra. Sveitarstjórn samþykkir samþykktir um stjórn og fundarsköp og felur sveitarstjóra að senda hana til staðfestingar ráðuneytisins.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Aðalfundargerð Bergisands bs dags. 25.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 8. fundar stjórnar Skógasafnsins dags. 14.09.2020. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 9. fundar stjórnar Skógasafnsins dags. 27.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
4. Aðalfundargerð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 30.10.2020. *Fundargerð kynnt.*
5. Verkfundargerð 11. um Þekkingarsetur dags. 20.11.2020. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð 90. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 30.11.2020. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Málsnúmer 1908016. *Kynnt.*
2. Skógasafn – Fjárhagsáætlun 2021. *Kynnt.*
3. Hagstofa Íslands – manntal og húsnæðistal dags. 27.11.2020. *Kynnt.*
4. Þjóðskrá dags. 3.12.2020. *Kynnt.*
5. Landvernd – Vindorka dags. 12.10.2020. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 14. janúar 2021

Fundi slitið kl. 17:36

Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Bjarki Guðnason